



Fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ

Reykjavík, 9. febrúar 2023.

Efni: Umsögn fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ vegna tillögu um réttindatekjur og þáttökugjöld (Þingskjal 11).

Árþingið samþykkir fjárhagsáætlun og að mati fjárhags- og endurskoðunarnefndar er ekki hægt að draga út eða kjósa um einstaka liði úr áætlun. Um ræðir heildaráætlun ársins þar sem tekjur og gjöld haldast í hendur og þarf sambandið að leggja hana fram ár hvert. Rekstraráætlun, þ.m.t. þáttökugjöld, þarf að skoða í heild sinni og þess vegna er óraunhæft að taka út einn rekstrarlið sem tekur mið af öðrum, eins og í þessu tilfalli.

Stjórn og fjárhags- og endurskoðunarnefnd sambandsins skal treyst fyrir rekstri sambandsins í heild sinni, þ.m.t. þáttökugjöldum.

Fjárhags- og endurskoðunarnefnd KSÍ